

Krisður Þjórðar Ólafsson  
20. október 74.

Starfshópur rauðsokka, sem fjallar um tillögur borgarstjórnar um dagvistunarmál barna í Reykjavík gerir eftirfarandi athugasemdir.

Skv. könnun Þorbjörns Broddasonar haustið 1971 er dagvistunar-rými barna í Reykjavík allt of lítið nú og áætlun um að 25% barna njóti dagvistunar 1974 fullnægir ekki hæmings þörf.

Um 6 - 7 þús. börn á aldrinum 2 - 6 ára þurfa dagvistunar-aðstöðu nú skv. könnun Þorbjörns Broddasonar. Við tökum undir tilögu vinstri flokkana: "Stefna ber að því, að svo myndarlega verði tekið á byggingum dagvistunarstofnana svo og við fóstrun á einkaheimilum (sjá ath. síðar) að unnt verði innan fárra ára að fullnægja þörfinni fyrir dagvistun barna. Við teljum hins vegar óeðlilegt, að byggðir séu fleiri leikskólar en dagheimili eins og fram kemur í tillögum vinstri flokkana, því leikskólar gefa fólki aðeins kost á hálfu starfi og þá er hætt við, að "mæður" geti ekki unnið nema hálf starf og hafi þá ekki möguleika að fá góðar stöður á atvinnumarkaðinum.

Vistun á einkaheimilum er neyðarráðstöfun meðan dagvistunar-stofnanir fullnægja ekki eftirspurn. Vistun á einkaheimili er mjög ó örugg og ekki varanleg. Getur hún valdið miklu raski á högum barns og foreldrum þess erfiðleikum t.d. ef gæzlumaður veikist eða heimilisfólk hans. Gæzlumaður á einkaheimili er í fæstum tilfellum sérmenntaður í barnauppeldi. Við tökum eindregið undir tillögu, að séð verði fyrir fræðslu- og leið-beiningarnámskeiðum fyrir aðila, sem hafa með höndum barna-einka gæzlu á/heimilum.

Dagvistunaraðstaða fyrir börn skal vera í hverju fjölbýlishúsi, sem byggt er og íbúum þeirra veitt aðstoð a.m.k. við rekstrar-stofnun þeirra. Við skipulagningu nýrra hverfa, skal og hafa þann möguleika opinn, að raðhúsasamstæður og aðrar íbúðaeiningar geti stofnað dagvistunarheimili.

Sé dagvistun stofnuð og starfrækt hjá atvinnufyrirtæki, skulu allir starfsmenn njóta sama réttar með dagvistun barna sinna.

stun framh.

Við fögnum tillögu um að spórnna við [REDACTED] aðskilnaði kynslóða.

Innganga í Fóstruskóla ríkisins skal ekki miðast við stúdents-próf. Einnig teljum við eðlilegt að barnakennrarar geti á auðveldan hátt öðlast fóstruréttindi.

Við álítum rétt, að stefna beri að því, að dagvistun barna verði ókeypis fyrir alla. Rétt er þó að taka fram, að allflestir foreldrar eru reiðubúnir að greiða fullan kostnað fyrir dagvistun barna sinna til þess að njóta þessarar aðstöðu. Ekki er óeðlilegt að foreldrar taki þátt í kostnaði meðan á uppgøngu stendur, flýti það fyrir henni. Við teljum það sjálfsögð mannréttindi, að öll börn fá aðgang að dagvistunarstofnun og kostnaður vegna hennar hafi þar engin áhrif. Ef greiðsla v/dagvistunar fer eftir efnahag fólks, við hvað skal þá miða, greiðir ekki tekjuhátt fólk ábeint mest til dagvistunarstofnana með sköttum sínum. Við skattlagningu er ekki tekið tillit til hversu langan tíma tekur að afla teknanna, sem skattur er reiknaður af. Það kann og að geta haft áhrif á börnin innbyrðis ef þau uppgötva það, "að sum borga ekki neitt" til dagheimilins en önnur greiða fullt gjald.

## Æsulýðsmál.

Rauðsokkar fagna tillögu, að frjáls félög njóti fjárhagslegs öryggis í starfi sínu og styður auknar fjárveitingar til mannvirkjagerðar og rekstrar þeirra. Nauðsynlegt er, að aðstaða fyrir æskulýðsstörf sé í skipulagningu nýrra hverfa.

sérstaklega

Varðandi verkefni Æskulýðsráðs Reykjavíkur tökum við/undir  
lið 3 í ályktunartillögum.

## Útivist.

Rauðsokkar leggja áherzlu á, að aðstaða fyrir útivist fólks á öllum aldri veri stóraukin. Komið verði upp opnum svæðum með aðgangi að leiktækjum fyrir alla aldursflokka svo og fjölskylduhópa. Opnir leikvellir fyrir börn eldri en 5 ára finnast tæpast í Reykjavík og börn 5 ára og eldri geta nær hvergi fundið leikaðstöðu við sitt hæfi. Þvælast þau því oft um á götum, í húsaportum og öðrum miður heppilegum stöðum og hafa ekkert fyrir stafni. Þetta vandamál verður skilyrðis-laust að leysa með byggingu leikvalla fyrir þennan aldursflokk, þar sem börnin geta fundið ~~x~~ sér verkefni við sitt hæfi. Eskilegt væri, að gæzlumaður væri á völlum þessum, sem börnin gætu leitað til svo og hreinlætisaðstaða.

Við viljum einnig leggja til, að gerður verði "Umferðavöllur" p.e. kennsluvöllur í umferðareglum fyrir börn.

Hugleiðingar Kr.Ingv. um þörf dagvistunar í Reykjavík 20.febr. '74.

Samkvæmt mínum útreikningum eru um 13.000 börn á aldrinum 2 - 6 ára í Reykjavík.

Skv. könnun Þorbj.Br. þarf að vera dagvistunaraðstaða fyrir um 50% barna í Reykjavík. P.E. rými fyrir 6.500 börn.

Borgarstjórn segir, að árið 1974 verði rými fyrir 25% barna í Rvík á dagvistarheimilum, þ.e. 3.250. Hvar eiga hin að vera?